

## Fundargerð

Stjórnarfundur Félagsbústaða nr. 7/2020 haldinn þriðjudaginn

5. febrúar 2020 kl. 15.30

**Fundarmenn:** Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Lánsfjáráætlun, skuldabréfaútboð

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Þann 5. desember 2019 voru drög að fjárhagsáætlun, lánsfjáráætlun og verkefnaáætlun 2020 kynnt fyrir stjórn Félagsbústaða. Á sama fundi samþykkti stjórn Félagsbústaða fjárhagsáætlun ársins 2020. Var jafnframt fært til bókar að áhersla væri lögð á að nýta markaðsaðstæður til að lækka vaxtabyrði félagsins eftir því sem kostur væri og, eftir atvikum, að skipt verði út eldri skuldabréfum fyrir ný félagsleg skuldabréf til hagræðis fyrir félagið. Samþykkti stjórn jafnframt að óskað verði eftir að skuldabréf sem gefin verði út vegna lánsfjáráætlunar verði tryggð með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgara, sbr. 1. mgr. 69. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.

Í dag, 5. febrúar 2020, staðfestir stjórn fyrra samþykki sitt á fyrirliggjandi lánsfjáráætlun fyrir árið 2020 að fjárhæð um 3.500 milljónir króna á tímabilinu 1.1.2020 til 31.12.2020 og að fjármögnun verði með útgáfu félagslegra skuldabréfa í samræmi við félagslegan útgáfuramma félagsins frá árinu 2019 (e. Social Bond Framework). Jafnframt var samþykkt að skuldabréfin verði gefin út í skuldabréfaflokknum FB100366 SB og með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar. Skuldabréfin skulu tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eigi síðar en sex mánuðum eftir fyrstu sölu.

Samhliða veitir stjórn Félagsbústaða framkvæmdastjóra félagsins **heimild og umboð** til að standa fyrir sölu skuldabréfa, taka tilboðum fjárfesta og samþykkja lánakjör, svo og að undirrita öll skjöl vegna útgáfu á því tímabili sem útgáfuáætlunin nær til, skjöl vegna útgáfu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og tilkynningu um stækkun skuldabréfaflokksins.

Að loknum umræðum um framlagða bókun var hún samþykkt samhljóða af stjórn félagsins.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

Haraldur Flosi Tryggvason

Laufey Ólafsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sigrún Árnadóttir